

## 24. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði , 02.05 2019, kl. 13:30

---

Mættir voru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Arna Björg Bjarnadóttir fyrsti varamaður í forföllum Eiríks J. Kjerúlf. Einnig mættu undir fyrsta dagskrárlið Sigurður Álfgeir Sigurðarson og Ingvar Rafn Stefánsson frá Deloitte og Unnur Inga Dagsdóttir frá Ráðgjöf og lausnir. Bjarki Jónsson sat dagskrárlið 6.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. **Ársreikningur Fljótshrepps 2018, síðari umræða**
2. **Drög að svari til EFS, v. bréfs nefndarinnar dags. 07.03 2019**
3. **Skýrsla oddvita**
4. **Breyting á aðalskipulagi Fljótshrepps v. Kröflulínu 3**  
Bréf Skipulagsstofnunar dags. 08.04 2019
5. **Kröflulína 3, framkvæmdaleyfi**
6. **Skógarafurðir ehf**
7. **Samfélagsverkefni**
  - a) 11. fundur Samfélagsnefndar
  - b) Fréttatilkynning, Fögur framtíð í Fljótshreppum, skilaboð Samfélagsþings 13-14.04 2019
8. **Bréf**
  - a) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 23.04 2019
  - b) Forsætisráðuneytið dags. 02.04 2019
  - c) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 17.04 2019
  - d) Lárus Heiðarsson og Óskar M. Alfreðsson dags. 26.04 2019
  - e) Náttúruverndarsamtök Austurlands 19.04 2019
9. **Fjárbeiðnir**
  - a) Félag skógarbænda, v. Skógardagarins mikla 2019
  - b) N4, Að austan 2019
  - c) Skíðafélagið Stafdal, v. Andrésar Andarleika 2019
  - d) Fljótshreppshérað, þjónustukort
10. **Menntunarstyrkir**  
Ann-Marie Schlutz
11. **Fundargerðir**

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd 30.04 2019
- b) Hengifosshópur 11.04 2019
- c) HAUST 26.03 2019
- d) Landbótasjóður Fljótaldalshrepps 08.03 og 02.04 2019
- e) Samgöngunefnd SSA 02.04 2019
- f) Aðalfundur Minjasafns Austurlands 16.04 2019

## 12. Önnur mál

### 1. Ársreikningur Fljótaldalshrepps 2018, síðari umræða

Ingvar og Sigurður fóru yfir ársreikninginn og endurskoðunarskýrslu og eftir umræður var ársreikningur samþykktur samhljóða og undirritaður.

Helstu niðurstöðutölur eru ársreiknings Fljótaldalshrepps 2018 :

Rekstrartekjur A og B hluta	185.650 millj
Rekstrargjöld A og B hluta	129.098
Rekstarniðurstaða fyrir afskriftir	56.552
Afskriftir A og B hluta	30.656
Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	25.896
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)	6.064
Rekstrarniðurstaða	31.959
Eignir samtals	906.708
Skuldir og skuldbindingar samtals	24.967
Handbært fé í árslok	267.543
Veltufé frá rekstri	62.877

Fljótaldalshreppur uppfyllir skilyrði sem sveitarfélögum eru sett um skuldahlutfall (skuldahlutfall Fljótaldalshrepps er 0,0 %, en má hæst vera 150% og sveitarfélagið uppfyllir einnig viðmið um rekstrarjöfnuð , þar sem rekstrarafkoma þriggja síðustu ára er jákvæð. Veltufé frá rekstri er jákvætt og eignastaða sterk. Helstu frávík frá fjárhagsáætlun skýrast af hærri útsvarsgreiðslum en áætlað var, kostnaður vegna vinnuskóla var mun minni en áætlað var, kostnaður við fjallskil hærri, innri leiga ljósleiðara hefur verið færð frá sameiginlegum kostnaði undir atvinnumál, ekki reyndist þörf að færa framlag milli aðalsjóðs og eignasjóðs, minni styrkir voru veittir til umhverfismála en áætlað var , mismunur af kostnaði og tekjum vegna framkvæmda við stíg að Hengifossi skýrist af því að styrkgreiðslur (Framkvæmdasjóðsgreiðslur) vegna styrkloforða fyrri ára komu að nokkru inn á árinu 2018 . Hlutur Fljótaldalshrepps í sparkvelli á Hallormsstað var afhentur Fljótaldalhéraði og eignarhluturinn færður niður í 0 í bókhaldi Fljótaldalshrepps. Þrátt fyrir að nokkuð hafi innheimst af virðisaukaskattkröfum á árinu 2018 , eru útistandandi kröfur hærri en eðlilegt er talið og hvöttu endurskoðendur til eftirrekstrar við RSK vegna þessa , sem og að verklag við gerð viðauka við fjárhagsáætlun verði bætt . Langtímalán að upphæð kr. 7, 9 millj. hvílir

á 2 félagslegum íbúðum á Hallormsstað sem Fljótsdalshreppur á með Fljótsdalshéraði. Önnur lán er sveitarfélagið ekki með.

## 2. Drög að svari til EFS, v. bréfs nefndarinnar dags. 07.03 2019

Fljótsdalshreppi barst bréf dagsett 7. mars 2019 frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Í bréfinu er fjallað um ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138 frá 2011. Við yfirferð eftirlitsnefndarinnar á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019 var ofangreint lagaákvæði m.a. haft í huga og vekur eftirlitsnefndin athygli á því að heildarfjárfestingar ársins 2019 séu umfram 20% af væntum skatttekjum ársins 2019.

Farið var yfir drög að svarbréf til ráðuneytisins sem endurskoðandi sveitarfélagsins hefur unnið. Samþykkt og oddvita falið að senda svarbréfið.

*Gestir yfirgáfu fundinn klukkan 15:15*

## 3. Skýrsla oddvita

Aðalfundur SSA 2019, hefur verið boðaður á Egilsstöðum 7. maí 2019, kl. 9:30. Oddviti er fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og Lárus til vara. Ársfundur Austurbrúar er boðaður kl. 13:00 sama dag einnig á Egilsstöðum.

Skömmu fyrir páska var tekin ákvörðun um að loka efsta hluta stígs að Hengifossi vegna slæms ástands gróins lands. Landverður Snæfellsstofu önnuðust lokun. Óljóst er hvenær lokuninni verður aflétt. Umhverfisráðuneytið veitti 1,5 millj. til landvörslu við Hengifoss og bætist það fé við fjármagn sem Fljótsdalshreppur leggur til landvörslunnar.

Oddviti er skráður tengiliður Fljótsdalshrepps við samráðsvettvang Skipulagsstofnunar um landsskipulagsstefnu, en boðað hefur verið að nýtt landsskipulagsferli sé að hefjast.

Samband íslenskra sveitarfélaga mælist til þess við sveitarfélög að þau hækki ekki gjaldskrár sínar á árinu, umfram það sem komið er til framkvæmda. Þá mun sambandið mælast til þess við sveitarfélög að á árinu 2020 muni gjöld á þeirra vegum hækka um 2,5% að hámarki, en minna ef verðbólga er lægri. Hvorutveggja kemur fram í yfirlýsingu Sambandsins í tengslum við lífskjarasamninga 2019-2020.

Ritað hefur verið undir þjónustusamning við Óbyggðasetrið fyrir árin 2019 og 2020 og fallið frá því a.m.k. að sinni að gera 10 ára samning.

Landbótasjóður Fljótsdalshrepps hefur skilað ársreikningi fyrir árið 2018 til sveitarfélagsins.

Samfélagsnefnd í samstarfi við Sigurborgu Hannesdóttur/ Ildi ehf og sveitarfélagið stóðu fyrir samfélagsþingi í Snæfellsstofu helgina 13-14. Apríl. Um 50 manns tóku þátt í þinginu. Vel þótti takast til og mörg áhugaverð málefni komu til umræðu. Verkefninu var valið nafnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“.

## 4. Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps v. Kröflulínu 3

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 08.04 2019.

Skipulagsstofnun hefur staðfest breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030. Breytingin var auglýst í stjórnartíðindum B deild – útgáfudagur 26 apríl 2019 og hefur þar með skipulagsbreytingin tekið gildi.

Um gjaldtöku fyrir skipulagsbreytingar fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps í samræmi við 5. gr. samþykktar Fljótsdalshrepps um skipulagsleyfisgjald o.fl. nr. 820/2016 sbr. og 20. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

#### **5. Kröflulína 3, framkvæmdaleyfi**

Kynnt drög að framkvæmdarleyfi og drög að meðfylgjandi greinargerð. Eftir umræður var tekin afstaða til leyfisútgáfu og greiddu 4 atkvæði með en Arna Björg Bjarnadóttir sat hjá. Oddvita falið að gefa leyfið út.

Byggingar- og skipðulagsnefnd Fljótsdalshrepps fjallaði um framkvæmdaleyfisútgáfuna á fundi 30 apríl og samþykkti útgáfu leyfis fyrir sitt leyti.

Um gjaldtöku fyrir framkvæmdaleyfi þetta fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps í samræmi við 4. gr. samþykktar Fljótsdalshrepps um framkvæmdaleyfisgjald o.fl. nr. 820/2016 sbr. og 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfið tekur gildi þegar leyfisgjald hefur verið greitt.

#### **6. Skógarafurðir ehf**

Bjarki Jónsson kom á fund sveitarstjórnar og kynnti áform um endurfjármögnun fyrirtækisins hjá Byggðastofnun. Hann óskaði eftir aðkomu sveitarfélagsins í formi styrks eða með kaupum á hlutafé. Einnig óskaði hann eftir að sveitarstjórn ritaði meðmælalibré til Byggðarstofnunar.

Sveitarstjórn ætlar að kynna sér betur stöðu fyrirtækisins í dag, en er jákvæð fyrir aðkomu að málinu miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar.

#### **7. Samfélagsverkefni**

- a) 11. fundur Samfélagsnefndar. Kynnt.
- b) Fréttatilkynning, „Fögur framtíð í Fljótsdal“, skilaboð Samfélagsþings 13-14.04 2019.

Kynnt. Von er á samantekt um skilaboð þingsins, sem síðan fer til frekari úrvinnslu hjá samfélagsnefnd og sveitarstjórn.

#### **8. Bréf**

- a) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 23.04 2019.

Kynnt, varðar fjármálareglur sveitarfélaga.

- b) Forsætisráðuneytið dags. 02.04 2019.

Ráðuneytið boðar til fundar um málefni þjóðlendna 5. júní kl. 09:00 að Lyngási 12, Egilsstöðum.

- c) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 17.04 2019.

Tilkynning um arðgreiðslu ársins 2018, sem var 90.137 kr.

- d) Lárus Heiðarsson og Óskar M. Alfreðsson dags. 26.04 2019

Lárus kynnti erindið og vék að því búnu af fundi. Bréfitarar telja að lausaganga geita valdi þeim skaða og óska eftir að Fljótshreppur banni lausagöngu geitfjár innan marka sveitarfélagsins, samsvarandi erindi hefur verið beint til Fljótshéraðs.

Sveitarstjórn mun kynna sér hvernig málum er háttað annars staðar í sveitum þar sem geitur eru haldnar og kanna afstöðu nágrennasveitarfélagsins. Erindið verður tekið til frekari umfjöllunar síðar.

*Lárus kom aftur til fundar.*

e) Náttúruverndarsamtök Austurlands 19.04 2019.

Kynnt ályktun frá aðalfundi NAUST 05.04 2019. Aðalfundurinn skorar á sveitarstjórnir Djúpavogshrepps, Fljótshrepps og Fljótshéraðs að gjalda varhug við áformum um virkjanaf framkvæmdir í ám sem falla frá svonefndum Hraunum .

Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga á að kynna sér nánar þau sjónarmið sem koma fram í ályktun NAUST og eiga samtali við Djúpavogshrepp og Fljótshérað um sameiginlega sýn á Hraunasvæðið með tilliti til verndunar og eða nýtingar. Sveitarstjórn lýsir jafnframt áhuga á að eiga í upplýstu samtali við stjórn Náttúruverndarsamtök Austurlands um þær áherslur sem koma fram í ályktuninni.

## 9. Fjárbeiðnir

- a) Félag skógarbænda, v. Skógardagarins mikla 2019. Samþykkt að styrkja Skógardaginn mikla um 100.000 kr..
- b) N4, Að austan 2019. Samþykkt að styrkja þáttagerð N4 um 250.000 kr.
- c) Skíðafélagið Stafdal, v. Andrésar Andarleika 2019. Samþykktur styrkur að upphæð 15.000 kr. (Logo).
- d) Fljótshérað, þjónustukort . Hafnað að taka þátt í útgáfukostnaði við kortið.

## 10. Menntunarstyrkir

Ann-Marie Schlutz. Samþykktur hámarksstyrkur 190.000 kr..

## 11. Fundargerðir

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd 30.04 2019. Kynnt og staðfest.
- b) Hengifosshópur 11.04 2019.

Rætt var um hönnun á þjónustuhúsi sem er langt komin og kostuð að mestu af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða . Núverandi staðsetning hússins var ítarlega rædd. Jóhann er efins um að staðsetning hússins sé sú besta og leggur til að farið verði í endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins og þá um leið skoðað hvort önnur staðsetning á þjónustuhúsi væri betri. Arna stingur upp á að fengin verði utanaðkomandi aðili til að skoða og meta aðstæður . Anna Jóna ræddi um að gott væri að setja staðsetningu húss upp í þrívíðu módeli , þannig að betur mætti glöggva sig á því húsi sem hannað hefur verið.

- c) HAUST 26.03 2019. Kynnt.
- d) Landbótasjóður Fljótshrepps 08.03 og 02.04 2019. Kynntar.

- e) Samgöngunefnd SSA 02.04 2019. Kynnt.
- f) Aðalfundur Minjasafns Austurlands 16.04 2019. Kynnt.

## 12. Önnur mál

- a) Rætt var um húsnæðisáætlun sveitarfélagsins og var skipst á skoðunum um þörfina á byggingu nýrra íbúða og hvar ætti að byggja .
- b) Rætt um viðhaldsframkvæmdir í Végarði.
- c) Anna Jóna spurði hvort búið væri að fá verktaka í málningarvinnu á gistihúsinu í sumar. Oddviti svaraði því til að búið væri að tala við málara um að annast verkið.
- d) Oddvita óskar eftir heimild til að færa 6 ótekna orlofsdaga yfir í maí. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:43

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Arna Björg Bjarnadóttir (sign)